

## Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 960 (15.10.2020) - Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun

**Málsnúmer** : 202009090

**Málsaðili** : Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt

**Fundardagur** : 15.10.2020

**Inngangur** : Undir þessum lið kom á fund byggðaráðs í gegnum fjarfund (TEAMS) Íris Hauksdóttir, þjónustu- og upplýsingafulltrúi kl. 13:54.

Guðmundur St. Jónsson vék af fundi kl. 13:54. vegna vanhæfis.

Þjónustu- og upplýsingafulltrúi gerði grein fyrir fundum í Atvinnumála- og kynningarráði frá 15. september s.l. og 7. október s.l. og fundi með hagsmunaaðilum þann 29. september s.l. Samkvæmt rafpósti frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu frá 11.09.2020 kemur fram að vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum ráðuneytisins eigi síðar en 15. október 2020.

Niðurstaðan er eftir umfjöllun atvinnumála- og kynningarráðs að leggja til óbreyttar reglur frá fyrra ári eða svohljóðandi:

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Dalvíkur, Árskógssands og Hauganess með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á þannig: 30% úthlutaðs byggðakvóta byggðarlags skal skipt jafnt á alla þá báta úr viðkomandi byggðarlagi sem sækja um byggðakvóta og uppfylla að öðru leyti ákvæði 1. gr. Óski einhver eftir tilteknu magni kvóta, sem er minna en hann á rétt á samkvæmt þessu ákvæði, þá skiptast eftirstöðvar þess hluta byggðakvótans jafnt milli hinna umsækjendanna. 70% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt hlutfallslega miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020. Ekkert skip fær þó meira en 35% af þeim 70% sem skipt er samkvæmt lönduðum afla.

b) Ákvæði 1. og 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021. Skilyrði þess að afla teljist landað til vinnslu er að honum sé haldið aðskildum frá öðrum afla, ásamt því að vera vigtaður og skráður sérstaklega við vigtun á hafnarvog. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari. Eigandi fiskiskips skal gera skriflegan samning við fiskkaupanda um magn sem landað verður til vinnslu hjá viðkomandi vinnsluaðila, þar sem fram kemur að vinnsluaðili skuldbindur sig til þess að vinna aflann, þó eru vinnsluaðila heimil jöfn skipti, miðað við þorskígildisstuðla, á tegundum við annan vinnsluaðila, og komi þá slík fyrirætlan fram í þeim samningi sem eigandi fiskiskips gerir við fiskkaupanda, og skal bæjar- eða sveitarstjórn árita samninginn til staðfestingar.

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=882c3b57-a66e-471a-8bbf-c819d67f051b>

Upplýsingar um viljrði fyrir byggðakvóta, mótramlag og stöðu úthlutunar er að finna á heimasíðu Fiskistofu; <http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaheimildir/byggdakvoti/byggdakvoti-1920/>

Íris vék af fundi kl. 14:20.

**Niðurstaða** : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 2 atkvæðum ofangreinda tillögu að sérreglum Dalvíkurbyggðar um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2020/2021 og vísar þeim til umfjöllunar og afgreiðslu sveitarstjórnar.